

AUGLÝSING

um friðlýsingu Viðeyjar í Þjórsá.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfissráðherra hefur í samræmi við tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki landeigenda Viðeyjar í Þjórsá í landi Stóra-Núps og sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps ákveðið að friðlýsa Viðey í Þjórsá sem friðland í samræmi við 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993 og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995.

Viðey í Þjórsá er sérstök m.a. vegna þeirrar umgerðar sem straumþung áin veitir. Mikilvægi svæðisins felst einnig í möguleika á samanburði t.d. birkisins, sem þar hefur vaxið án teljandi áhrifa mannsins, við birki annarsstaðar í landinu. Í Viðey hafa fundist yfir 70 háplöntutegundir, þar af tvær tegundir sjaldgæfar á landsvisu.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg ásamt því lífríki sem honum fylgir. Einnig er markmið friðlýsingarinnar að vernda erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika birkisins og annars gróðurs í ynni. Markmið friðlýsingarinnar er enn fremur að treysta verndargildi Viðeyjar í Þjórsá, sérstaklega vísinda- og fræðslugildi.

Með friðlýsingu Viðeyjar í Þjórsá er verið að styrkja líffræðilega fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins með því að vernda tegundir plantna og annarra lífvera ásamt erfðaaudlindum sem tegundirnar búa yfir og búsvæði þeirra.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins fylgja útlínum Viðeyjar. Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi upprætti í fylgiskjali og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í töflunni hér fyrir neðan. Flatarmál friðlandsins, þ.e. Viðeyjar er 3,37 ha.

Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	444094,286	394216,029
2	443969,327	394089,823
3	444049,977	394036,140
4	444242,140	394144,514

4. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs o.fl.

Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari í Viðey, trufla dýralíf eða spilla öðrum náttúru-minjum í friðlandinu. Vernda skal náttúrulegt gróðurfur, tryggja að ekki sé raskað líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Til þess að tryggja að ekki sé raskað líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu er óheimilt að rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

5. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar nema með leyfi landeigenda, Umhverfisstofnunar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga,

nr. 123/2010. Allt jarðrask sem truflað getur vistkerfiseiginleika svæðisins er þó óheimilt. Óheimilt er að beita búpeningi innan friðlýsta svæðisins.

Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun eru heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndar náttúrulegu gróðurfari svæðisins svo sem að fjarlægja lúpínu eða aðrar ágengar framandi tegundir. Ekki er gert ráð fyrir lagningu göngustíga eða stikun leiða í friðlandinu. Umhverfisstofnun mun annast gerð verndaráætlunar fyrir svæðið í samráði við landeigendur þar sem friðlýsingarskilmálar og framkvæmdir tengdar þeim eru útfærðar nánar.

Óheimilt er að urða sorp í friðlandinu eða losa jarðefni eða annan úrgang á svæðinu. Einnig er óheimilt að dreifa lífrænum úrgangi, þ.m.t. lífrænum úrgangi sem getur borið með sér fræ af óþekktum uppruna. Óheimilt er að kveikja eld í friðlandinu.

Ef af virkjunum verður í neðri Þjórsá mun Umhverfisstofnun sjá til þess að friðlandið verði girt af til að vernda lífríki svæðisins fyrir mönnum og dýrum og að girðingu verði viðhaldið, án tilkostnaðar landeigenda.

6. gr.

Umferð í friðlandinu.

Öðrum en landeigendum er óheimilt að fara í land í Viðey nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar til rannsókna, vöktunar og eftirlits. Nánar skal útfæra rannsóknir, vöktun og eftirlit í verndaráætlun.

7. gr.

Umsjón með friðlandinu o.fl.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með friðlýsta svæðinu og framkvæmd friðlýsingarinnar. Stofnunin getur þó að höfðu samráði við landeigendur falið öðrum aðila umsjón og skal þá um hana gerður sérstakur samningur, uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila, sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu og fræðslu.

8. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

9. gr.

Endurmat friðlýsingar.

Landeigendur og Umhverfisstofnun geta farið fram á endurmat á friðlýsingu og/eða verndaráætlun Viðeyjar verði verulegar breytingar á forsendum þeirra.

10. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. ágúst 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

